

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hofsóshrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Hofsóshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt, svo og á Hofsóshöfn.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna, í samráði við oddvita og hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd skulu vera þrír menn og aðrir þrír til vara. Vatnsveitunefnd skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði, götu eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

Tengigjald greiði húseigandi um leið og hann sækir um eða fær leyfi til að tengja við vatnsveitu hreppsins, og nemur tengigjaldið kr. 500.00 af hverju húsi og 1% af fasteignamatsverði íbúðarhúsa og 2% af fasteignamati húsa, sem greiða vatnsskatt samkvæmt 15. grein þessarar reglugerðar.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Hofsóss, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

5. gr.

Skyllt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í sambandi við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

6. gr.

Vatnsveitunefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrirfram, ef tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

7. gr.

Vatnsveitunefnd er heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsæðum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

8. gr.

Skyllt er manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti,

sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Vatnssala til skipa fer fram á bryggju hafnarsjóðs og fleiri bryggjum, ef þurfa þykir, og er bryggjueigendum skylt að leyfa afhendingu vatns til skipa á bryggjum sínum og lagningu vatnsæða og uppsetningar mælitækja í húsum og á bryggjum í þessu skyni samkvæmt 8. grein.

10. gr.

Hver sá, sem tekur vatn úr vatnsveitunni án heimildar, eða á annan hátt en ráð er fyrir gert, í þeim tilgangi að losna við að greiða gjald fyrir, skal sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum, auk þess sem honum er skylt að greiða fyrir vatnið samkvæmt mati vatnsveitunefndar.

11. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæti sektum, nema þyngri refsing liggji við.

12. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera það á hans kostnað.

13. gr.

Af öllum húsum í Hofsóshreppi, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í, eða úr næst til vatnsæða í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð þeirra telst til, skal greiða vatnsskatt. Skatturinn skal lagður á eftir lögskipaðri fasteignamatsvirðingu húsanna. Skatt skal einnig greiða eftir virðingarverði fastra véla, sem í húsinu eru, ef þær eru vátryggðar ásamt því, og nota vatn úr vatnsveitu hreppsins.

Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitunefnd skattinn.

14. gr.

Af öllum húsum í Hofsóshreppi, sem svo er ástatt um, sem um getur í 13. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt að upphæð 1.8% — einn komma átta af hundraði — af fasteignamatsverði, þó skal lágmark skattsins vera kr. 350.00 fyrir hvert íbúðarhús. Auk þess skal greiða kr. 300.00 fyrir hverja íbúð, sem búíð er í umfram eina í hverju húsi.

15. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin og útheimtir mikið vatn, svo sem verksmiðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki o. fl., skal greiða í vatnsskatt 3% — þrjá af hundraði — af fasteignamatsverði.

16. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða vatnsskatt sem hér segir:

1. Af hverri tunnu saltaðrar sildar	kr.	0.50
2. — hverri tunnu flakaðrar sildar	—	0.75
3. — hverri smálest innvegins nýs fiskjar	—	2.50

4.	Fyrir vatn til fiskþvottar, af hverju skippundi	kr.	0.50
5.	— hverja frysta sildartunnu	—	0.50
6.	— hvern kjötskrokk	—	0.40
7.	— vatn í steypu, af hverri sementstunnu	—	1.00
8.	— hverja bifreið, skrásetta í Hofsósi — árgj.	—	100.00
9.	— hvern krana utanhúss — árgjald	—	30.00
10.	— hvern stórgrip, sem stendur inni — árg.	—	30.00
11.	— hverja 100 lítra lifrar tekna til bræðslu	—	1.00

17. gr.

Komi til vatnsnotkunar umfram það, sem um getur í 14., 15. og 16. gr., hefur vatnsveitunefnd heimild til að ákveða vatnsskattinn. Heimilt er að selja vatn eftir mæli, er vatnsveitan leggur til, en notendur greiða fyrir hæfilega leigu eftir ákvörðun vatnsveitunefndar. Sé vatn selt eftir mæli, skal greiða kr. 1.20 fyrir smálest af fyrstu 1000 smálestunum, og kr. 0.70 fyrir smálest af því, sem fram yfir er.

18. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts húsa. Atvinnurekandi, útgerðarmaður eða útflytjandi ber ábyrgð gagnvart vatnsveitunni á greiðslu vatnsskatts af sild og öðrum fiski. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á, að vatnsskattur sé greiddur af vatnsskattsskyldri framleiðslu eða verkun á stöð hans.

19. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist kr. 15.00 fyrir smálest, en minnsta gjald skal þó vera kr. 30.00 fyrir fiskiskip og kr. 50.00 fyrir önnur skip. Þá er hreppsnefnd heimilt að ákveða að hafskipabryggja Hofsóshrepps greiði vatnssveitunni ákveðna upphæð á ári í vatnsskatt eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda hafi bryggjan þá allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer á bryggjunni, að undanskyldum framleiðslugjöldum sjávarafurða, sem um ræðir í 16. gr.

20. gr.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur. Vatnsskatt má innheimta með lögtaki á kostnað notanda.

21. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts húsa er 30. júní ár hvert og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir líðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 16. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd eða flutt á skipsfjöl til útflutnings. Vatnsskattur samkvæmt 17. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega eftir á eða þegar verksmiðjurekstur hættir ár hvert.

22. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50%.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerðinni skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hofsóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947,

um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 262 2. desember 1950 fyrir vatnsveitu í Hofsóshreppi.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júlí 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMPYKKT

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á fasteignum á kaupstaðarlóðinni.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Ísafjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum á kaupstaðarlóðinni:

1. Eftirtaldar eignir Kaupfélags Ísfirðinga:
Lóð nr. 8 við Aðalstræti (norðurhluti).
Hús og lóð nr. 10 við Aðalstræti.
Hús og lóð nr. 12 við Aðalstræti (norðurhluti).
Við Sundstræti: Fiskreitir, sláturhús, Ísafoldarbúð, geymsluhús og hjallur, oliustöð Oliufél. hf. og K. Í., „Hvíta pakkhús“ og lóð, Wardslóð. Bryggjuhús og bryggja við Aðalstræti.
2. Lóð og húseign Bjarna Gunnarssonar og Ólafs Sigurðssonar, nr. 8 við Aðalstræti.
3. Lóð og aðrar fasteignir nr. 9 við Aðalstræti, eign hf. Munins.
4. Lóð nr. 11 við Aðalstræti, eign Knattspyrnufél. Vestri.
5. Lóð nr. 12 við Aðalstræti, eign Kristjáns Kristjánssonar (suðurhluti).
6. Lóð nr. 13 við Aðalstræti, eign Jóns Kristjánssonar og Hinriks Guðmundssonar.
7. Lóð nr. 15 við Aðalstræti, eign Valdimars Veturliðasonar, Ellerts Eiríkssonar, Guðmundar Gíslasonar og Harald Aspelund.
8. Húseign nr. 20 við Aðalstræti, eign Ásu Grímsson og Ásgeirs Sigurðssonar.
9. Húseign nr. 21 við Aðalstræti, eign Gests Loftssonar.
10. Húseign nr. 25 við Aðalstræti, eign Magnúsar Eliassonar og Ágústs Péturssonar, Marselíusar Bernharðssonar og Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.
11. Húseign og lóð nr. 10 við Brunngötu, eign Ólafs Gunnarssonar og Guðbjarts Ásgeirssonar o. fl.
12. Húseign og lóð nr. 12 við Brunngötu, eign Jóhannesar Bjarnasonar.
13. Húseign og lóð nr. 12A við Brunngötu, eign Arinbjörns Guðnasonar.
14. Húseign og lóð nr. 12B við Brunngötu, eign Júlíusar Geirmundssonar, dbú.
15. Húseign og lóð nr. 12E við Brunngötu, eign Magnúsar Árnasonar.
16. Húseign og lóð nr. 14 við Brunngötu, eigns Björns Guðmundssonar.
17. Húseign og lóð nr. 16 við Brunngötu, eign E. O. Kristjánssonar, dbú.
18. Húseign og lóð nr. 14 við Fjarðarstræti, eign Eggerts Halldórssonar o. fl.
19. Húseign og lóð nr. 18 við Fjarðarstræti, eign Agnars Guðmundssonar og Ágústs Einarssonar.